

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 20. júlí 2018
Mnr. 2018040002



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Athugasemdir Hafsteins Hafsteinssonar skv. tölvup. dags.30.06.2018

Varðandi fyrirhugaða mannvirkjagerð, þá mun aðkoma Hornstrandanefndar hafa aðkomu með vísan í samkomulag varðandi byggingarleyfi í friðlandinu á Hornströndum dags. Mars 2004 jafnframt er Hornstrandanefnd á meðal umsagnaraðila vegna deiliskipulags fyrir jörðina Sæborg.

„Undirritaður vill hins vegar benda á að öllum eignarhópum verið gefin tækifæri til að leggja fram sitt deiliskipulag þannig að allir sitji við sama borð, þegar ákvörðun verður tekin um hvar og hverjir byggi þessi 3 nýju hús. Hægt væri að setja hæfilega tímamörk á að skila inn deiliskipulagi. Því er það einnig ábending undirritaðs að afgreiðsla þessa deiliskipulags fyrir frístundarbyggðar í Sæborg Aðalvík, verði frestað þar til fyrirliggur deiliskipulag fyrir hin svæðin innan F14“

Allir eignarhópar hafa haft sömu tækifæri til þess að leggja fram sitt deiliskipulag og sitja við sama borð. Landeigendur Garða og Sæbóls sæta jafnræðis m.t.t. laganna og geta sótt um byggingarleyfi til jafns við landeigendur Sæborgar að uppfylltum ákvæðum aðalskipulags og m.t.t. skipulags- og byggingarreglugerðar. Rétt er að benda á að þegar eru fordæmi eru fyrir afmörkuðu deiliskipulagi í friðlandinu s.s. fyrir Sæból, í Aðalvík, þ.e. deiliskipulag fyrir Hjálmfríðarból samþykkt í bæjarstjórn 26. Júní 1997 og Atlastaðir í Fljótavík samþykkt í bæjarstjórn 20.04.2008 og fyrir Atlastaði og Geirmundarstaði samþykkt í bæjarstjórn 15.07.2010

Að synja eignum Sæborgar um slíkt hið sama getur talist sem brot á 11. gr. Stjórnsýslulaga þ.e. jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, að fresta erindi m.t.t. annarra landeigenda s.s. við Sæból og Garða getur mögulega talist til brotum á stjórnsýslulaga 9.gr þ.e. málshraði.

Það eru engin ákvæði í skipulagslögum eða skipulagsreglugerð sem skylda landeigendur að deiliskipuleggja land í einkaeigu með öðrum. Slíkar kvaðir geta verið mjög svo íþyngjandi fyrir landeigendur.